

fyrir dómi, og studdi framburður hans kröfur stefnanda. Enn fremur eru hin framlögðu skjöl í samræmi við kröfur stefnanda og framburð.

Þegar til alls þess er litið, sem hér hefur verið rakið, þá þykir verða að taka kröfur stefnanda til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 14.800.00.

Auður Þorbergsdóttir, fulltrúi yfirborgardógara, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendum Þorsteini Hjálmarssyni húsagagnasmíðameistara og Indriða Níelssyni húsasmíðameistara.

Dómsorð:

Stefndi, Hreiðar Svavarsson f. h. Ásaklúbbsins, greiði stefnanda, Timburiðjunni h/f, kr. 71.440.00 með 1% vöxtum fyrir hvern mánuð frá 1. maí 1968 til greiðsludags og kr. 14.800.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 8. maí 1970.

Nr. 87/1970. Valdstjórnin
gegn
Rafni Svavarssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Gæzluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 24. apríl 1970, sem barst Hæstarétti 27. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt 3. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar og krafist þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 24. apríl 1970.

Ár 1970, föstudaginn 24. apríl, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörns-syni sakadómara, kveðinn upp úrskurður í málinu: Ákærvaldið gegn Rafni Svavarssyni, sem tekið var til úrskurðar sama dag.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum 25. marz s.l., var Rafn Svavarsson sjómaður, Bragagötu 38, fæddur 31. júlí 1938 í Reykjavík, dæmdur í 4 ára fangelsi fyrir nauðgun. Dómi þessum hefur samkvæmt ósk ákærða verið skotið til Hæstaréttar með áfryjunarstefnu, dags. 16. þ. m.

Ákærði hefur afplánað refsivist samkvæmt eldri refsíðomi síðan 25. marz, en afplánun lýkur í dag.

Af hálfu ákærvaldsins hefur þess verið krafizt, að ákærði verði úrskurðaður til gæzluvarðhaldsvistar, „unz hæstaréttardómur í málinu kemur til framkvæmda“.

Ákærði mótmælir því, að krafan nái fram að ganga.

Þegar litið er til þess, að ákærði hefur alls 10 sinnum verið dæmdur til refsingar fyrir ýmiss konar brot, nú síðast fyrir tvö nauðgunarbrot, framin með stuttu millibli á s.l. hausti, verður að telja, að hætta sé á, að hann haldi áfram brotum, ef hann verður látinn laus. Eins og áður segir, ákvað hinn áfryjaði héraðs-dómur ákærða 4 ára fangelsi. Þykir því samkvæmt 4. og 5. tl. 67. gr. laga nr. 82/1961 eiga að taka til greina kröfu ákærvalds-ins um gæzluvarðhald, þó svo, að varðhaldinu verði sett skýrari tímamörk. Er hæfilegt, að gæzluvarðhaldstíminn megi nema allt að 75 dögum.

Því úrskurðast:

Rafn Svavarsson sæti gæzluvarðhaldi 75 daga.